

Ed.

244. Nefndarálit

[45. mál]

um frv. til l. um breyt á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt. Nefndarmennirnir Guðmundur Karlsson, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir og Þorvaldur Garðar Kristjánsson hafa þann fyrirvara á meðmælum sínum, að samþykki verði breytingartillaga frá þeim um að felld verði niður úr frumvarpinu heimild sveitarstjórna til að hækka útsvör um 10%.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 31. mars 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
form., frsm.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.

Guðm. Bjarnason.

Salome Þorkelsdóttir.

Guðm. Karlsson.

Stefán Guðmundsson.

Ólafur Ragnar Grímsson.